



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengi að Hljóðbókasafninu fyrir grunnskóla

Á fundi borgarráðs, 22. júní 2023, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavíkurborg semji við hljóðbókasafnið fyrir hönd allra skólanna í Reykjavík svo það opnist aðgengi fyrir alla nemendur en ekki bara þá sem hafa fengið greiningu. Flokkur fólksins telur mikilvægt að Hljóðbókasafnið sé opið öllum grunnskólabörnum en ekki eingöngu börnum sem fengið hafa greiningu. Efnalítið fólk svo og margir innflytjendur hafa ekki mikið á milli handanna til að kaupa bækur fyrir börn sín. Því er mjög mikilvægt að bæta aðgengi allra barna að hljóðbókum. Hljóðbækur eru mjög mikilvægar fyrir börn af erlendum uppruna og í raun alla grunnskólanemendur til efla málskilning þeirra.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Hljóðbókasafnið er rekið á grundvelli [bókasafnalaga nr. 150/2012](#). Fjallað er um hlutverk Hljóðbókasafns Íslands í 15. grein laganna.

IV. kafli. Hljóðbókasafn Íslands.

■ 15. gr. Hlutverk.

- Hljóðbókasafn Íslands er í eigu ríkisins og fer ráðherra með yfirstjórn þess.
- Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er að sjá þeim sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt fyrir bókasafnsþjónustu með miðlun á fjölbreyttu safnefni, þar á meðal námsgögnum, í sem bestu samræmi við óskir og þarfir notenda.
- Hljóðbókasafn Íslands skal hafa samstarf við aðila sem standa að skipulagningu bókasafnamála, þá sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis og þá sem starfa að málefnum blindra og sjónskertra og annarra hópa [fatlaðs fólks sem nýtur] ¹⁾ þjónustu safnsins. Til að rækja hlutverk sitt sem best er safninu heimilt að gera þjónustu- og samstarfssamninga við slíka aðila.
- [Hljóðbókasafni Íslands er heimil vinnsla persónuupplýsinga að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna lögbundnu hlutverki sínu, svo sem vegna afgreiðslu umsókna um afnot af safninu. Heimil er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar, svo sem greiningar og vottorð til staðfestingar á þjónustu við einstaklinga með prentleturshömlun. Safninu er heimil vinnsla persónuupplýsinga sem því berast frá umsækjendum eða frá þriðja aðila í umboði umsækjanda, svo sem frá þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og



heyrnarskerðingu, heilbrigðisstofnunum, menntastofnunum og sérfræðingum í lestrargreiningu.] ²⁾

- Kostnaður við starfsemi Hljóðbókasafns Íslands greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Tekjum safnsins skal varið í þess þágu.

Það þarf því lagabreytingu til að hægt sé að semja um aðgang eins og lagt er til.

Einnig er nú í skoðun út frá persónuverndarsjónarmiðum hvort skólum er heimilt að nota aðgang Hljóðbókasafns í tækum Reykjavíkurborgar. Niðurstaða liggur ekki fyrir.

Almenningsbókasöfnin munu vera aðilar að Rafbókasafninu svo skólasöfn geta ekki veitt sínum nemendum aðgang að því. Hins vegar eru lánskkirteini ókeypis fyrir börn og ungmenni í almenningsbókasöfnum svo nemendur geta sem einstaklingar fengið aðganginn.

Í Aðalnámskrá grunnskóla kafla 19 Íslenska segir:

Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst.

Í lögum um grunnskóla segir:

Í Aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

Skóla- og frístundasvið tekur undir þau sjónarmið að æskilegt væri að grunnskólanemendur hefðu aðgang að hljóðbókum og að hljóðbækur eru mjög mikilvægar fyrir börn af erlendum uppruna.